

Hafnarfirði, 3. desember 2020

Minnisblað

Viðtakandi : Fjölskylduráð Hafnarfjarðar

Sendandi: Ægir Örn Sigurgeirsson, deildarstjóri stoðeildar flóttamanna og umsækjenda um alþjóðlega vernd hjá fjölskyldu- og barnamálasviði.

Efni: Samantekt um flóttamenn í Hafnarfirði og sérstöðu stoðeildar flóttamanna og umsækjenda um alþjóðlega vernd (HOF).

Í Hafnarfirði búa í dag 32 fullorðnir flóttamenn og 23 börn sem falla undir tveggja ára tímabil leiðbeinandi reglna félagsmálaráðuneytisins um móttöku flóttamanna. Af þeim eru 6 ungmenni milli 18 og 20 ára sem komu á eigin vegum án forsjáraðila, 7 einstæðar mæður með samtals 15 börn og 6 hjón með samtals 7 börn. Þessi hópur er í þjónustu hjá stoðeild flóttamanna en auk þeirra eru um það bil 30 aðrir flóttamenn sem hafa búið hér lengur en tvö ár.

Hafnarfjarðarbær hefur þrisvar tekið á móti kvótaflóttafólki. Fyrst 1999 en þá komu 75 einstaklingar frá Kosovó sem fengu búsetu í Hafnarfirði, Fjarðarbyggð og Dalvík. Aftur var tekið á móti fjölskyldu 2014 sem var einstæð móðir með 5 börn og síðast tók bærinn við rúmlega 20 einstaklingum 2016 en það voru þrjár fjölskyldur úr sömu stórfjölskyldunni sem komu frá Sýrlandi.

Hafnarfjarðarbær er einnig með samning við ÚTL um að þjónusta allt að 100 umsækjendur um vernd í tveimur húsum á Norðurhelli. Þar hafa verið að meðaltali um 75 manns í húsunum á árinu. En auk íbúa á Norðurhelli eru fjölskyldur og einstaklingar hýstir á Bæjarhrauni 16 í móttökumiðstöð ÚTL. Þar hafa einnig fengið húsaskjól einstaklingar sem komið hafa til landsins án forsjáraðila og eru því fylgdarlaus ungmenni. Voru það tæplega 30 einstaklingar sem komu á síðasta ári og reyndust 13 af þeim vera sannanlega undir 18 ára aldri og því börn. Einungis tvö önnur sveitarfélög á landinu hafa gert samning við ÚTL um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd en það er Reykjavík og Reykjanesbær.

Allir þeir umsækjendur um vernd sem staðsettir eru í Hafnarfirði eiga rétt til aðstoðar fjölskyldu og barnamálasviðs við fyrstu skrefin inn í íslenskt samfélag eftir að dvalarleyfi er veitt. Samkvæmt tölfræði ÚTL hefur mikið breyst á síðustu tveimur árum. 2018 voru 790 umsóknir um vernd og fengu 160 manns dvalarleyfi. Frá áramótum 2020 hafa 658 manns sótt um vernd og 405 manns fengið dvalarleyfi. Þá var við lok september 278 umsóknum ólokið. Því má segja að stærstur hluti þeirra umsækjenda sem fá afgreiðslu á sín mál hjá ÚTL fái dvalarleyfi. Það er því hægt að reikna með að meirihluti þeirra umsækjenda sem í Hafnarfirði eru fá dvalarleyfi og byrji sinn búskap með aðstoð starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar.

Stoðdeild flóttamanna og umsækjenda um alþjóðlega vernd sinnir öllum þeim málum sem berast fjölskyldu- og barnamálasviði Hafnarfjarðar og tilheyra málaflokki umsækjenda um vernd og flóttamanna með stöðu. Þá eru einnig öll barnaverndarmál innan málaflokksins til vinnslu hjá deildinni. Sérhæfingin er orðin þó nokkur og hefur deildin frá upphafi haft að markmiði að efla þekkingu og stuðla að umbótum í málaflokknum. Hægt er með góðum rökum að halda því fram að Hafnarfjörður sé að ná forystu í þjónustu við flóttafólk en ekkert annað sveitarfélag hefur sett upp sér deild til að sérhæfa starfsfólk sitt í þjónustunni og þekkingu á málaflokknum flóttamanna.

Eftir að UTL og lögregla settu upp starfstöðvar að Bæjarhrauni 18 hafa fylgdarlaus ungmenni átt þar húsaskjól. Aðeins tvö sveitarfélög, Hafnarfjörður og Suðurnesjabær, hafa haft afskipti af fylgdarlausum ungmennunum og er ástæðan sú að ekki er hægt að sækja um vernd á öðrum stöðum en í Hafnarfirði og í Leifsstöð. Öll fylgdarlaus ungmenni sem koma til Íslands fá húsaskjól á Bæjarhrauni. HOF hefur með átt þó nokkra fundi með UTL, starfsmanni flóttamannaráðs, lögreglu, UNICEF, Barnaverndarstofu og öðrum sem að máli ungmennanna koma til að ræða aðstöðu og málavinnslu fylgdarlausra barna. HOF hefur skapað úrræði og samfellda vinnslu á málum þeirra sem einhver reynsla er komin á og hefur ráðgjafi á vegum UNICEF kostnaðargreint þessi barnaverndarmál fyrir UNICEF og HOF. Allt til ársins 2020 voru þessi mál unnin handahófskennt og án fasta í markmiðum. HOF hefur ásamt því að efla þekkingu og reynslu almennt í málaflokknum lagt sérstaka áherslu á fylgdarlaus ungmenni á flóttu. Hafnarfjarðarbær er með marga flóttamenn í þjónustu og virðist ekkert ætla að draga úr, sér í lagi ef litið er til sameinlegrar móttöku sveitarfélaga, sem má vænta að verði komið á fyrir en síðar.

Hafnarfjarðarbær er að standa vel að þjónustu við flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd og hefur öðlast dýrmæta reynslu á síðustu árum í þjónustu við þennan hóp. Starfsfólk fjölskyldu- og barnamálasviðs er tilbúið til að miðla af þeirri reynslu og þekkingu til annarra sveitarfélaga verði eftir því leitað.

Ægir Örn Sigurgeirsson

Deildarstjóri stoðdeildar flóttamanna og umsækjenda um alþjóðlega vernd.